

Nd.

507. Breytingartillögur

[5. mál]

við frv. til útvarpslaga.

Frá Kristínu S. Kvaran og Guðmundi Einarssyni.

1. Við 2. gr.
 - a. 2. málsgr. orðist svo:
Öðrum aðilum má veita leyfi til útvarps. Menntamálaráðherra veitir slíkt leyfi skv. 3.—6. gr. þessara laga og fylgist með að ákvæðum þeirra sé fylgt. Leyfi til útvarpsrekstrar skulu vera tímabundin og eigi veitt lengur en til þriggja ára í senn. Við veitingu nýrra leyfa og við endurnýjun leyfa verði leitað opinberlega eftir umsögn almennings.
 - b. 3. málsgr. falli niður.
 - c. Hvarvetna þar sem stendur „útvarpsréttarnefnd“ annars staðar í frv. komi: menntamálaráðherra.

2. Við 3. gr.
 - a. 4. tl. orðist svo:
Útvarpsstöðvar skulu stuðla að almennri menningarþróun og efla íslenska tungu. Útvarpsstöðvar, er leyfi fá til útvarps, skulu í öllu starfi sínu halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur. Þeim ber að virða tjáningarfrelsi. Menntamálaráðherra setur reglur um jafnan tíma er gilda skuli við stjórn málaumræður.
 - b. 5. tl. falli brott.
 - c. 7. tl. falli brott.

3. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
Útvarpsstöðvum er heimilt að afla tekna með auglýsingum, afnotagjaldi eða sérstöku gjaldi vegna útsendingar fræðslu- og skýringarefnis. Auglýsingar skulu vera skýrt afmarkaðar frá öðrum dagskrárliðum. Útvarpsstöðvar skulu sjálfar ákvarða verð þeirrar þjónustu sem þær veita. Menntamálaráðherra gefur út reglur um framkvæmd hlustendakönnunar sem gerð skal eigi sjaldnar en mánaðarlega.

4. Við 5. gr.
 - a. 1. tl. orðist svo:
Sveitarstjórnir hafa einkarétt á uppsetningu kapalkerfa en heimilt skal sveitarstjórn að framselja þennan rétt til einstaklinga eða félaga með samningum.
 - b. 3. tl. falli brott.
 - c. 5. tl. falli brott.

5. Á eftir 7. gr. komi tvær nýjar gr. er orðist svo:
 - a. (8. gr.)

Einstaklingar, sem eiga hlut í fyrirtæki í öðrum greinum fjölmiðlunar, svo sem dagblöðum, er óheimilt að eiga hlutdeild að útvarpsrekstri. Þetta ákvæði á einnig við um fyrirtæki.
Sami aðili má ekki reka fleiri en tvær stöðvar.
 - b. (9. gr.)

Alþingi kýs nefnd sjö þingmanna er hafi það hlutverk að fylgjast með framkvæmd laga þessara, svo og þróun fjölmiðlunar og lagasetningar um hana meðal nágrannaþjóða. Jafnframt skal nefndin huga að nauðsynlegum breytingum á lögnum í ljósi þeirrar reynslu sem af framkvæmd þeirra fæst. Skal nefndin skila Alþingi skýrslu um störf sín í nóvember ár hvert þar til endurskoðun laganna er lokið.
6. Við 9. gr. sem verður 11. gr. Í stað orðsins „útvarpsráðs“ í lok 2. og 3. málsg. og hvarvetna annars staðar í frv. komi: stjórnar Ríkisútvarpsins.
7. Við 12. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:

Forseti Íslands skipar útvarpsstjóra til 5 ára í senn og annast hann rekstur Ríkisútvarpsins o. s. frv.
8. Við 13. gr. Greinin orðist svo:

Stjórn Ríkisútvarpsins skipa sjö menn: Útvarpsstjóri, þrjú framkvæmdastjórnar Ríkisútvarpsins, tveir fulltrúar skipaðir af menntamálaráðherra og einn fulltrúi kosinn af starfsmönnum Ríkisútvarpsins.
9. Við 14. gr. 3. málsg. orðist svo:

Árlega efnir menntamálaráðherra til ráðstefnu notenda um dagskrárstefnu Ríkisútvarpsins. Ráðstefnan skal opin öllum almenningi.
10. Við 15. gr.
 - a. 4. málsg. orðist svo: Framkvæmdastjóri, skipaður til 5 ára í senn, er fyrir hverri deild.
 - b. 1. málsl. 5. málsg. orðist svo: Framkvæmdastjórn Ríkisútvarpsins skipa útvarpsstjóri og framkvæmdastjórnar.
11. Við 16. gr. Við gr. bætist ný málsg. sem orðist svo:

Útvarpsstjóri gerir með samþykki stjórnar Ríkisútvarpsins kjarasamninga við starfsmenn Ríkisútvarpsins.
12. Við 32. gr. Fyrri málsl. greinarinnar orðist svo: Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda 6 mánuðum eftir birtingu þeirra.